

Fundargerð 44. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 29. janúar kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Díana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO

Formaður og starfmaður leggja fram drög að breytingum á stefnumörkun samtakanna vegna 2020-2022.

Farið yfir stefnumörkun. Unnið verður áfram með hana og verður hún tekin til afgreiðslu á næsta fundi.

2. Kvörtun til ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja - 2101002SO

SO og sambandið skiluðu inn sameiginlegu álitni til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis í kjölfar þess að starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja tókst ekki að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Í álitinu kemur fram sá möguleiki að leitað verði til ESA vegna skattaívilnunar til raforkufyrirtækja. Ákveða þarf næstu skref.

Stefán Bogi Stefánsson fór yfir málið. Fulltrúar samtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga áttu fund með lögmannsstofunni Sókn þar sem rætt var um aðkomu þeirra að að mótun kvörtunar til ESA. Kostnaður vegna málsins liggur líklega á bilinu 500-750 þúsund. Lagt til að Samtök orkusveitarfélaga leggi allt að 500 þúsund í málið og leitað verði eftir því að sambandið greiði ef kostnaður fer fram úr því.

Stjórn samþykkir að standa að kvörtun til ESA og fá Sókn lögmannsstofu til þess að vinna málið. Að auki samþykkt að veita allt að 500 þús. kr. í verkefnið og óska eftir fjárhagslegri aðkomu sambandsins til móts við samtökin.

Formanni og Stefáni Boga Sveinssyni falið að vinna áfram að málinu með fulltrúum sambandsins.

3. Frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð- óskað umsagnar - 2101004SO

Óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð. Frestur til að

senda inn umsögn er til 1. febrúar nk.

Í fylgiskjöllum er að finna umsögn sambandsins sem og frumvarpið sjálft.

Lagt fram til kynningar.

4. Drög að breytingu á lögum nr. 48-2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun- óskað umsagnar - 2101003SO

Lögð fram drög að breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun. Taka þarf afstöðu til þess hvort samtökin vilji senda inn umsögn um málið.

Ein af helstu breytingunum sem lagðar eru til felast í málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku vegna þess séreðlis vindorkunnar að hún er hvorki staðbundin, né takmörkuð að eðli eða umfangi, eins og hinir hefðbundnu virkjunarkostir í vatnsafli og jarðvarma.

Í frumvarpinu er því gert ráð fyrir að málsmeðferð rammaáætlunar byggist á skoðun á tilgangi og markmiðum þess að svæðið er flokkað sem viðkvæmt svæði í flokki 2 og ef sú skoðun leiðir í ljós að vindorkukostur verði ekki talinn raska slíkum tilgangi þá verði heimilt að halda áfram með slíkt mál á stjórnáráðslustigi að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma.

Greint frá því að haldinn verður fundur umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Sambands Íslenskra sveitarfélaga og er samtökunum boðið að senda fulltrúa.

Stjórn samþykkir að formaður og Stefán Bogi Sveinsson mæti sem fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga á fundinn.

5. Orkufundur 2021 - 2101001SO

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal halda Orkufund annað hvert ár. Huga þarf að tímasetningu Orkufundar 2021. Einnig þarf að ákveða hvort fundurinn verði haldinn með hefðbundnu sniði eða á rafrænu formi.

Stjórn sammála að horfa til þess að halda Orkufund 2021 með vorinu, líklega í maí. Fundurinn verði skipulagður sem staðfundur en verður haldinn á rafrænu formi ef sóttvarnarreglur leyfa ekki annað.

Ákveðið að umfjöllunarefni orkufundar 2021 verði orka og matvælaframleiðsla.

Grétar Ingi Erlendsson og Arnór Benónýsson verða starfsmanni innan handar vegna uppsetningu dagskrár.

Fundi var slitið kl. 12:00

Ása Valdís Árnadóttir

Arnór Benónýsson

Árni Eiríksson

Díana Hilmarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Skarphéðinn Orri Björnsson

Stefán Bogi Sveinsson